



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í erfidrykkju Jonathans Motzfeldt
5. nóvember 2010

Kæra Kristjana,
fjölskylda Jonathans,
Grænlandingar og góðir vinir.

Ég færi ykkur öllum innilegar samúðarkveðjur frá íslensku þjóðinni vegna fráfalls Jonathans. Hann var traustur og góður vinur Íslands og margir Íslendingar sakna hans sárt. Hann átti um langa hríð, í marga áratugi, margvísleg og fjölbætt samskipti við Ísland, heimsótti okkur oft, eignaðist góða vini úr öllum lögum okkar samfélags og hafði alla tíð mikinn áhuga á því að treysta og efla samvinnu milli þjóða okkar, vináttu og bræðralag.

Jonathan naut mikillar virðingar á Íslandi fyrir störf sín og forystuhlutverk, margir af forystumönnum íslensku þjóðarinnar á löngu árabili urðu nánir vinir hans. Og svo eignaðist hann náttúrlega íslenska konu, og við Íslendingar höfum alltaf verið stoltir af því að sjá Kristjönu við hlið Jonathans.

Jonathan stóð lengi í fylkingarbrjósti í baráttu Grænlandinga fyrir auknum réttindum og hver áfangi á þeirri braut varð honum mikið fagnaðarefni. Það var einstaklega ánægjulegt að hitta hann í Nuuk í fyrrasumar þegar fagnað var merkurum áfanga, og finna í samræðum okkar hve glaður hann var í hjarta sínu. Nú getum við, hinir eldri, hætt störfum og falið hinum yngri að varðveita eldinn, sagði hann við mig að lokinni athöfninni í þinghúsinu þegar Margrét drottning hafði afhent hin nýju sjálfstjórnarlög.

Ég minnst líka funda okkar og samverustunda með þeim hjónum, honum og Kristjönu, og fjölda Grænlandinga árið 2000, þegar fagnað var minnisverðum áföngum í sameiginlegri þúsund ára sögu, landafundum og kristnitöku með margþættri dagskrá hér á Grænlandi. Þá veitti Jonathan örugga forystu í hátíðarhöldunum öllum, var með reisu og mælsku sinni glæsilegur oddviti grænlenksku þjóðarinnar.

Íslendingum er enn í fersku minni hin langa og stranga baráttu þjóðar okkar fyrir lýðrættindum og þessvegna skiljum við Íslendingar mætavel það hlutverk sem Jonathan gegndi í sögu ykkar Grænlandinga, hvernig hann var vakinn og sofinn hverja stund í þrotlausri viðleitni til að vinna Grænlandi allt sem hann gat. Nafn hans verður um alla framtíð tengt hinni sögulegu baráttu Grænlandinga. Hann mun alltaf skipa heiðursess í huga Grænlandinga og þjóðanna allra á Norðurslóðum.

Kæra Kristjana, fjölskyldan öll og Grænlandingar. Ég flyt ykkur innilegar samúðarkveðjur íslensku þjóðarinnar.